

**Nd.**

### **37. Frumvarp til laga**

um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Þingeyrarhreppi kirkjujörðina Sanda í Þingeyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Kaupverðið greiðist eins og venja er til, þá er kirkjujarðir eru seldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps hefir farið þess á leit að fá keypta jörðina Sanda til afnota og ræktunar fyrir þorpshúa. Samningar um kaupin hafa tekizt með hreppsnefnd og ríkisstjórn, og er hér farið fram á heimild Alþingis til, að salan megi fara fram.